

Fundargerð 420

Þriðjudaginn 7. október 2014 kl. 13:00 hélt stjórn Byggðastofnunar símafund. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Oddný María Gunnarsdóttir, Valdimar Hafsteinsson og Karl Björnsson. Ásthildur Sturludóttir boðaði forföll.

Auk þeirra sátu fundinn Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs og Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, og ritar hann fundargerð. Formaður setti fund kl. 13:00. Eftirfarandi mál var á dagskrá:

1. Sala fullnustueignar – Úthafsækja og Snæfellsnesækja, 6.1368472% hlutdeild auk 4.2572184% hlutdeildar í rækju á Flæmingjagrunni – minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs.

Föstudaginn 5. september 2014 ákvað stjórn Byggðastofnunar að ofangreindar aflaheimildir í eigu Byggðastofnunar yrðu auglýstar til sölu. Auglýsing birtist í Fiskifréttum, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, fyrst fimmtudaginn 11. september og svo aftur 17. september.

Alls bárust 12 tilboð fyrir lok tilboðsfrests sem var kl. 16:00 miðvikudaginn 1. október s.l.:

...

Lagt var til að hæsta boð verði samþykkt og forstjóra veitt umboð til þess að ganga frá sölu aflahlutdeildarinnar á grundvelli þess. Ef sá tilboðsgjafi getur ekki staðið við boð sitt fyrir föstudaginn 17. október 2014, verði næsthæsta boði tekið og forstjóra á sama hátt veitt umboð til þess að ganga frá sölu hlutdeildarinnar til þess aðila. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20

Aðalsteinn Þorsteinsson, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____